

Sjúkrahúsið á Akureyri

Ársrit 2011

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	3
Skipurit	4
Í hverjum mánuði	5
Stjórnendur	6
Þættir úr starfseminni	8
Birtar vísindagreinar	13
Stefna og framtíðarsýn til 2017	14
Markmið og mælingar	15
Markvert á árinu	16
Áritun forstjóra og framkvæmdastjóra fjármálasviðs	18
Áritun óháðs endurskoðanda	18
Rekstrarreikningur ársins 2011	19
Efnahagsreikningur 31. desember 2011	20
Skýringar	21
Rekstrarkostnaður deilda	22
Samandreginn rekstrarreikningur á fjárlaganúmer	23
Samanburður rekstrar og áætlunar	24
Tölulegar upplýsingar	25
Heiti deilda sem táknuð eru með bókstöfum	29

Um ársritið:

Í riti þessu er fjallað um valda þætti úr starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri í máli og myndum, með það að markmiði að gefa lesendum innsýn í það öfluga og margþætta starf sem hér er unnið. Þeir sem vilja fræðast nánar um starfsemi einstakra deilda, skýrslu framkvæmdastjórnar og helstu ráða sjúkrahússins, geta nálgast eiginlega ársskýrslu stofnunarinnar í netútgáfu á slóðinni www.fsa.is

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri
Ábyrgðarmaður: Bjarni Jónasson, forstjóri
Umsjón & textagerð: Sjúkrahúsið á Akureyri & FREMRI Almannatengsl
Prófarkalestur: FREMRI Almannatengsl
Umbrot & prentvinnsla: Ásprent



Myndir: Barbara Geirsdóttir
og N4

Metnaðarfullt starfsfólk og háleit markmið

Breytingar urðu á yfirstjórn Sjúkrahússins á Akureyri 1. maí 2011 en þá tók Þorvaldur Ingvarsson við starfi forstjóra í leyfi Halldórs Jónssonar. Þorvaldur gegndi starfinu til 16. mars á þessu ári er undirritaður tók við starfi forstjóra tímabundið til loka janúar 2013. Litlar breytingar urðu hins vegar á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri á árinu 2011. Starfsemin einkenndist af endurteknum kröfum um hagræðingu og minni fjárveitingum til heilbrigðiskerfisins. Þrátt fyrir um 700 milljóna króna niðurskurð á einungis þremur árum hefur okkur tekist að halda uppi þjónustu við sjúklinga með öryggi þeirra og starfsfólks að leiðarljósi. Þetta hefur ekki gerst sársaukalaust því setnum stöðum við sjúkrahúsið hefur fækkað um 36 á undanförunum 3 árum.

Starfsemin dróst lítillega saman á árinu, sem er ekki óeðlilegt miðað við fjárveitingar. Nú er svo komið að starfsemin í heild er hætt að vaxa. Þar kemur margt til en fyrst ber að nefna niðurskurð fjárveitinga á sama tíma og starfsemi sérfræðinga „úti í bæ“ eykst. Vissulega er umfangið mismunandi eftir sérgreinum en þessi þróun sýnir að enn er hægt að sækja fé til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu til Sjúkratrygginga Íslands á meðan sjúkrahúsunum er gert að hagræða.

Hagræðingarkröfurnar á undanförunum árum hafa meðal annars leitt til þess að meðallegu-tími hefur verið að styttest en göngu- og dagdeildarþjónusta aukist sem og verkefni slysa- og bráðamóttöku. Starfsfólk Sjúkrahússins á Akureyri hefur tekist á við niðurskurð undanfarinna ára af rósemi og sýnt mikla þrautseigju og elju við það verkefni að veita öllum þjónustu sem til sjúkrahússins leita.

Þótt árið væri okkur erfitt í fjárhagslegum skilningi þá fylltumst við engu að síður hjartsýni og tókum saman höndum og unnum að nýrri framtíðarsýn Sjúkrahússins á Akureyri sem Þorvaldur Ingvarsson leiddi. Haldinn var fjöldi funda með starfsmönnum og einnig borgarafundur með íbúum Akureyrar, auk þess sem leitað var til fjölda hagsmunaaðila til að fá skýra sýn á það hvert við ættum að stefna með þjónustu okkar. Í ljós kom að almennt er ánægja með þjónustu sjúkrahússins en bæta þarf þjónustu við nýrnasjúklinga og auka geðheilbrigðisþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Ný framtíðarsýn til 2017 var lögð fram og kynnt í nóvember 2011 og í henni kemur fram sá metnaður og vilji sem starfsfólk Sjúkrahússins á Akureyri hefur alltaf sýnt í störfum sínum.


Sjúkrahúsið á Akureyri hefur sett sér að markmiði til ársins 2017 að verða miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi og fá alþjóðlega vottun á starfsemi sína. Þetta er stórt verkefni sem hæfir metnaðarfullu starfsfólki og tryggir sjúklingum góða þjónustu. Sjúkrahúsið á Akureyri yrði fyrsta heilbrigðisstofnunin á Íslandi til að leita eftir alþjóðlegri vottun sem er stórt og yfirgripsmikið verkefni en getur gert okkur kleift að vera í fararbroddi íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Til að innleiða nýja framtíðarsýn var stjórnskipulagið endurskoðað og skipuriti sjúkrahússins breytt á þann hátt að nú er lögð aukin áhersla á þjónustu slysa- og bráðamóttöku, gæðastarfsemi og þjónustu við sjúklinga án innlagna. Sjúkrahúsinu var því skipt upp í fjögur svið: lyflækningasvið, handlækningasvið, bráða-, fræðslu- og gæðasvið auk fjármálsviðs. Auglýst var eftir nýjum framkvæmdastjórum fyrir klínísku sviðin sem tóku til starfa 1. febrúar síðastliðinn. Ný framkvæmdastjórn hefur hafist handa við að innleiða lykil-aðgerðir og stefnu sjúkrahússins. Hennar bíður einnig að endurskoða stjórnskipulag og skipuriti sviða með tilliti til framtíðarsýnar sjúkrahússins.

Þrátt fyrir að á móti blási í bili hvað fjárveitingar varðar, er nauðsynlegt að horfa til framtíðar. Mikilvægt er að framtíðaráform okkar um byggingu nýrrar legudeildarálmu verði að veruleika á allra næstu árum, ásamt hugmyndum um stofnun líknardeildar og starfrækslu sjúkrahótels. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem bæta þjónustu við sjúklinga og hvetja það góða starfsfólk sem hér vinnur til frekari dáða.


Ég færi starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri þakkir fyrir framsækni og vel unnin störf á liðnum árum og óska því áframhaldandi velfarnaðar í vandasömum störfum.



Bjarni Jónsson, forstjóri



Þetta ljósmynda í ársritinu að þessu sinni: Starfsfólk Sjúkrahússins á Akureyri.





Í hverjum mánuði voru að meðaltali:*

17	skráð atvik
33	börn fædd á fæðingadeild
17	helgistundir haldnar
166	komur á dagdeild lyflækninga
41	innlögn á gjörgæsludeild
33	innlagnir á kvensjúkdómadeild kvennadeildar
124	innlagnir á lyflækningadeild
18	innlagnir á endurhæfingaradeild
8	einstaklingar lagðir inn á öldrunarlækningadeild
1.047	komur á slysa- og bráðamóttöku
3.987	máltíðir afgreiddar úr í borðsal starfsmanna
52	nemavikur á Sjúkrahúsínu á Akureyri
22	nýir skjólstæðingar félagsráðgjafa
497	komur á bráðaþjónustu Heilsugæslunnar á Akureyri á slysa- og bráðamóttöku
15.801	rannsókn gerð á rannsóknadeild
2.141	rannsókn gerð á myndgreiningardeild
461	rannsókn gerð á rannsóknastofu í lífeðlisfræði
327	safngestir á bókasafni
39	sjúkraflug farin frá Akureyri
217	skurðaðgerðir gerðar á svæfinga- og skurðeildum
118	speglanir gerðar á speglunardeild
250	sýni unnin á meinafræðideild
183	legur og komur á barnadeild
743	meðferðir veittar af iðjuþjálfum
1.668	meðferðir veittar af sjúkraþjálfurum
28	viðtöl á barna- og unglingsgeðdeild
27	þátttakendur á námskeiðum hjá Sjúkraflutningaskólanum
290	milljónir króna greiddar í laun og launatengd gjöld
2	milljónir króna notaðar til lyfjakaupa (S-lyf meðtalin)
11.667	tonn af heitu vatni notuð
14.167	kíló af þvotti send í þvottahús
102	blandanir á krabbameinslyfjum í apóteki
1.669	greinar sendar innanhúss frá bókasafni sem liður í árveknipjónustunni
51	innlögn á handlækningadeild
206	úrlestrar á hjartaritum á rannsóknastofu í lífeðlisfræði
11	viðtöl og fundir með stuðningsteymi starfsmanna
6.667	tonn af köldu vatni notuð
9,2	tonnum af sorpi fargað
292	verkbeiðnir til tækni- og innkaupadeildar
291.667	kwh af rafmagni notuð

*Starfsemistölum ársins jafnað á 12 mánuði

Stjórnendur

Forstjóri:

Porvaldur Ingvarsson

Framkvæmdastjórn:

Forstjóri:	Halldór Jónsson til 30/4 Porvaldur Ingvarsson frá 1/5
Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs:	Vignir Sveinsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar:	Ólína Torfadóttir
Framkvæmdastjóri lækninga:	Sigurður E. Sigurðsson til 28/2 og frá 1/5 Porvaldur Ingvarsson frá 1/3 til 1/5

Starfsmannabjónusta:

Starfsmannastjóri:	Bjarni Jónasson
Starfspróunarstjóri:	Póra Ákadóttir

Gæðamál:

Verkefnastjóri gæðamála:	Sigríður Sía Jónsdóttir
--------------------------	-------------------------

Stjórnendur deilda:


Apótek: Hilmar Karlsson,	forstöðumaður
Augnlækningadeild:	Sigríður Héðinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/3 Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri til 28/2 Ragnar Sigurðsson, yfirlæknir
Barna- og unglíngageðdeild:	Páll Tryggvason, yfirlæknir
Barnadeild:	Aðalheiður Guðmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Andrea Andrésdóttir, yfirlæknir
Bæklunardeild:	Sigríður Héðinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/3 Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri til 28/2 Ari H. Ólafsson, forstöðulæknir
Deild kennslu og vísinda:	Hildigunnur Svavarsdóttir, forstöðumaður
<i>Bókasafn:</i>	Ragnheiður Kjærnested, forstöðumaður
Eldhús:	Anna Rósa Magnúsdóttir, forstöðumaður
Endurhæfingardeild:	Gígja Gunnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Ingvar Þóroddsson, yfirlæknir
<i>Iðjuþjálfun:</i>	
<i>Sjúkraþjálfun:</i>	Lucienne Hoeve, forstöðusjúkraþjálfari
Geðdeild:	Bernard Gerritsma, hjúkrunardeildarstjóri Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir Karl R. Einarsson, yfirlæknir frá 1/5 Pétur Maak Þorsteinsson, forstöðusálfræðingur
<i>Dag- og göngudeild geðdeilda:</i>	Árni Jóhannesson, yfirlæknir
Gjörgæsludeild:	Girish Hirlekar, forstöðulæknir Selma Dröfn Ásmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Ásbjörn Blöndal, yfirlæknir frá 1/5 Sigurður E. Sigurðsson, yfirlæknir frá 1/3 til 30/4 Sigríður Héðinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/3 Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri til 28/2 Shree Datye, forstöðulæknir Valur Þór Marteinson, yfirlæknir
Handlækningadeild:	Sigríður Héðinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/3 Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri til 28/2 Friðrik Páll Jónsson, yfirlæknir
Háls-, nef- og eyrnadeild:	Sigríður Héðinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/3 Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri til 28/2 Friðrik Páll Jónsson, yfirlæknir
Kvennadeild:	Alexander Kr. Smáráson, yfirlæknir Ingibjörg H. Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild:	Nick Cariglia, forstöðulæknir frá 1/3 Jón Þór Sverrisson, forstöðulæknir til 28/2 Margrét Þorsteinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri

<i>Dag- og göngudeild lyflækninga:</i>	Herdís M. Júlíusdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
<i>Rannsóknastofa í lífeðlisfræði:</i>	Sigurður Heiðdal, yfirlæknir frá 1/10
Læknaritarar:	Gunnar Þór Gunnarsson, yfirlæknir
Meinafræðideild:	Sigurbjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri
Myndgreiningardeild:	Sigríður Jónsdóttir, forstöðulæknaritari
Rannsóknadeild:	Anna Rut Jónsdóttir, yfirlífeindafræðingur frá 1/11
Sjúkraflug:	Hildur Halldórsdóttir, yfirlífeindafræðingur til 31/10
Sjúkraflutningaskólinn:	Orri Einarsson, forstöðulæknir
Skrifstofa fjármála:	Elvar Örn Birgisson, yfirgeislafræðingur
Skurðeild:	Ólöf Sigurðardóttir, yfirlæknir
<i>Dauðhreinsunardeild:</i>	Guðlaug H. Ísaksdóttir, forstöðulífeindafræðingur
Slysa- og bráðamóttaka:	Björn Gunnarsson, læknisfræðilegur forsvarsmáður
Speglunardeild:	Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri
Svæfingadeild:	Auður Elva Jónsdóttir, forstöðumaður frá 1/5
Trúarleg þjónusta:	Gísli Aðalsteinsson, forstöðumaður til 30/4
Tækni- og innkaupadeild:	Anna Margrét Tryggvadóttir, hjúkrunardeildarstjóri
<i>Húsumsjón:</i>	Sigurður Albertsson, yfirlæknir
<i>Saumastofa:</i>	Anna Margrét Tryggvadóttir, hjúkrunardeildarstjóri
<i>Tæknideild:</i>	Jónas Logi Franklín, yfirlæknir
<i>Vörulager:</i>	Hulda Ringsted, hjúkrunardeildarstjóri
Tölvu- og upplýsingatæknideild:	Guðjón Kristjánsson, yfirlæknir frá 1/3
Öldrunarlækningadeild:	Nick Cariglia, yfirlæknir til 28/2
	Herdís M. Júlíusdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
	Girish Hirlekar, forstöðulæknir
	Sólveig B. Skjaldardóttir, hjúkrunardeildarstjóri
	Oddur Ólafsson, yfirlæknir frá 15/3
	Björn Gunnarsson, yfirlæknir til 14/3
	Guðrún Eggertsdóttir, forstöðumaður
	Alexander Pálsson, forstöðumaður
	Hannes Reynisson, yfirmaður húsumsjónar
	Hrafnhildur Gunnarsdóttir, yfirmaður saumastofu
	Árni Óðinsson, tæknifulltrúi
	Elísabet Gestsdóttir, innkaupafulltrúi
	Oddný S. Snorrardóttir, forstöðumaður
	Arna Rún Óskarsdóttir, yfirlæknir
	Rósa Þóra Hallgrímsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri

Fastanefndir og ráð:

Atvikanefnd:	Bjarni Jónasson, formaður
Áfallateymi:	Sigmundur Sigfússon, formaður
Eftirlitsnefnd með aðgengi að og notkun á sjúkraskrá:	Alma Ágústsdóttir, formaður
Endurlífgunarráð:	Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður
Gæðaráð:	Oddur Ólafsson, formaður
Hjúkrunarráð:	Sigríður Sía Jónsdóttir, formaður
Jafnréttisnefnd:	Eygerður Þorvaldsdóttir, formaður frá 10/10
Nýtingarnefnd húsnæðis:	Ragnheiður Kjærnested, formaður til 9/10
Lyfjanefnd:	Sigurður E. Sigurðsson, formaður
Læknaráð:	Ingvar Þóroddsson, formaður
Siðanefnd:	Ragnheiður Baldursdóttir, formaður frá 1/6
Stuðningsteymi starfsmanna:	Gróa B. Jóhannesdóttir, formaður til 31/5
Sýkingavarnanefnd:	Sigmundur Sigfússon, formaður
	Valgerður Valgarðsdóttir, formaður
	Sigurður Heiðdal, formaður frá 1/9
	Sigurður E. Sigurðsson, formaður til 31/8
Vísindaráð:	Ragnheiður Harpa Arnardóttir, formaður
Öryggisnefnd:	Ólína Torfadóttir, formaður

Vel tókst að halda utan um kjarnaþjónustuna



Heildarkostnaður við rekstur sjúkrahússins hefur lækkað að raungildi um rúmar 700 milljónir frá árinu 2008 eða um 15%. Nokkur samdráttur varð í starfsemi sjúkrahússins á árinu en vel tókst að halda utan um kjarnaþjónustuna þrátt fyrir minnkandi fjárveitingar. Í heildina verður að telja að mjög góður árangur hafi náðst í hagræðingu í rekstri á þessum samdráttartímum án þess að skerða þjónustu við sjúklinga svo teljandi sé og ber fyrst og fremst að þakka það samstilltu átaki allra starfsmanna.

Ríkisendurskoðun birti niðurstöður úttektar á sjúkrahúsinu um mitt ár. Þar voru settar fram ábendingar um úrbætur. Í framhaldi af þeim ábendingum var stofnaður stýrihópur um vinnu við framtíðarsýn sjúkrahússins sem forstjóri leiddi með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa. Starfsmenn voru virkjaðir til að leggja sitt af mörkum til að tryggja að allir sem vildu gætu komið skoðunum sínum á framfæri. Niðurstaðan er glæsileg: Metnaðarfull framtíðarstefna til næstu fimm ára sem þegar er farið að vinna eftir. Lagt er af stað með það verkefni að sjúkrahúsið fái alþjóðlega gæðavottun. Með því á að tryggja að fagmennska og gæði þjónustunnar á öllum sviðum starfseminnar verði til fyrirmyndar og öðrum til eftirbreytni. Áfram skal stefnt að því að miðstöð sjúkraflugs verði á Akureyri með sjúkrahúsið sem læknisfræðilegan bakhjarl. Ennfremur að ráðinn verði sérfræðingur við bráðamóttöku og sérfræðingur á sviði nýrnasjúkdóma.

Samhliða nýrri framtíðarsýn var einnig unnið að endurskoðun og breytingum á stjórnskipulagi og skipuriti sjúkrahússins. Þessi breyting hefur nú þegar náð til framkvæmdastjórnar þar sem ráðnir hafa verið framkvæmdastjórnar við 3 ný klinísk svið sjúkrahússins ásamt því að 2 framkvæmdastjórnanna sinna einnig starfi framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar. Fyrir liggur að endurskoða þarf stjórnskipulag og skipurit sviða sjúkrahússins enn frekar og mun þeirri vinnu, sem þegar er hafin, væntanlega ljúka á árinu 2012. Breytingar hafa jafnan í för með sér ákveðna óvissu en þess

verður gætt að þær setji ekki starfsemi sjúkrahússins í uppnám á nokkurn hátt.


Fjármál og rekstur

Í áætlun ársins var lagt upp með að starfsemi yrði svipuð og árið á undan. Fyrirséð var að rekstrarhalli yrði á árinu en ákveðið var að nýta jákvæðan höfuðstól frá 2010 sem var tæpar 60 milljónir til að mæta því. Þegar 3ja mánaða uppgjör lá fyrir varð hins vegar ljóst að stefndi í enn frekari hallarekstur, eða 150-200 milljónir. Því var hafin sameiginleg vinna stjórnenda allra rekstrar-eininga og framkvæmdastjórnar við að leita leiða til að ná niður kostnaði. Hún skilaði töluverðum árangri og varð tekjuhalli á rekstrargrunni í árslok mun minni en leit út fyrir.

Fjárveiting til Sjúkrahússins á Akureyri var lækkuð að raungildi um 1,6% eða 62 milljónir króna. Auk þess lá fyrir að lækka þyrfti kostnað vegna halla á rekstrargrunni 2010 sem varð um 40 milljónir. Í áætlun hafði verið gert ráð fyrir lengingu á samdráttartíma yfir sumarmánuðina í 18 vikur, lækkan á kostnaði við aðkeypta þjónustu, rekstrarleigu, lyf og rekstrarvöru. Ekki var gert ráð fyrir uppsögnum og frekari fækkun starfa innan ársins.

Laun og launatengd gjöld námu samtals 3.481 milljón króna og hækkðu um 7% miðað við fyrra ár. Á árinu hækkðu launagjöld vegna breytinga á kjarasamningum um 130-140 milljónir. Launakostnaður í árslok varð 61 milljón króna yfir áætlun eða sem svarar 1,8%. Skýrist það m.a. af því að fleiri stöður voru setnar en áætlað var, auk þess sem yfirvinna og kostnaður vegna námsleyfa og annarra fjarvista var umfram áætlun. Setnar stöður á árinu voru að meðaltali 451,1 og fjölgaði um 2,8 frá árinu á undan. Að teknu tilliti til breytinga á stöðuheimildum og hækkunar samkvæmt kjarasamningum var meðaltals-hækkun heildarlauna 1,9% á milli ára. Heildarfjárhæð greiddra launa nam samtals 2.763 milljónum króna. Árslaun að meðaltali á hverja stöðu voru því 6,1 milljónir.

Á árinu störfuðu samtals 815 einstak-



”
Heildarkostnaður við rekstur sjúkrahússins hefur lækkað að raungildi um rúmar 700 milljónir frá árinu 2008 eða um 15%.

“

lingar á stofnuninni. Karlar voru 148 (18%) en konur 667 (82%). Frá árinu 2008 hefur ársstörfum fækkað um 36 að meðaltali.

Almenn rekstrargjöld námu samtals 1,2 milljörðum króna sem var 16 milljónir umfram áætlun eða 1,3%. Ástæður þess voru meðal annars aukin aðkeypt sérfræðiþjónusta og hækkun verðlags umfram forsendur fjárlaga. Góður árangur náðist í lækkun á kostnaði við lyf og lækningavörur. Í heildina lækkuðu almenn rekstrargjöld um 2% á milli ára.

Sértekjur námu 538 milljónum króna og voru 18 milljónir yfir áætlun eða 3,5%. Daggjöld sem greidd eru vegna erlendra ferðamanna hækkuðu verulega og einnig hækkuðu tekjur af seldum rannsóknum.

Heildarútgjöld vegna reksturs á árinu voru 4.881 milljón króna, samanborið við 4.728 milljónir árið á undan og hækkuðu því um 3% á milli ára. Halli á rekstrargrunni (laun, almenn rekstrargjöld og sértekjur) varð um 115 milljónir eins og fyrr segir en afgangur varð af framkvæmdaliðum (meiri háttar viðhald og tækjakaup) að upphæð 98 milljónir. Tekjuhalli ársins varð því aðeins 16,9 milljónir eða 0,4% miðað við fjárveitingu. Í árslok var höfuðstóll jákvæður um 41,5 milljónir króna.

Fjárveiting ríkissjóðs til rekstrar á árinu var 4.325 milljónir og lækkaði um 3% miðað



við fyrra ár. Helstu breytingar á fjárveitingum frá árinu 2010 voru þær að framlag til rekstrar var lækkað um 62 milljónir vegna hagræðingarkröfu, auk þess sem fjárveiting til stofnkostnaðar var lækkuð um 2,5 milljónir. Sérstakt fjárframlag að upphæð 70 milljónir fékkst í desember til endurbóta á húsnæði fæðingadeildar, netþjónarými tölvudeildar o.fl. Sú fjárveiting var aðeins nýtt að litlum hluta fyrir áramót en kemur til góða í rekstri ársins 2012. Þá voru einnig veittar 5 milljónir í viðbótarframlag vegna sjúkraflugs.

Starfsemi

Að meðaltali fækkaði innlögnum og legudögum frá fyrra ári en aukin starfsemi var þó á nokkrum deildum, svo sem á lyflækningadeild og geðdeild. Flestum tegundum rannsókna fjölgaði á milli ára. Sjúklingar (dvalir) á legudeildum voru 5.645 og var það fækkun um 3%. Komur á dagdeildir voru samtals 4.640 og fækkaði um 17%. Legudagar á legudeildum og komur á dagdeildir voru samtals 34.486 og var það fækkun um 0,5%.

Skurðaðgerðir voru 2.601 og fækkaði um 3% á milli ára. Gerðar voru 222 gerviliðaðgerðir eða 19 færri en árið á undan. Par af voru 80 aðgerðir gerðar skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Meðallegutími lengdist og var 5,3 dagar, samanborið við 4,9 daga árið 2010. Fæðingum fækkaði umtalsvert, voru 394 á móti 515 árið áður. Fækkunin er um 23%.

Komur á slysadeild voru 12.668 og fjölgaði um 3%. Einingar vegna ferliverka voru 720 þúsund sem var svipaður fjöldi og árið áður. Almennum rannsóknum fjölgaði um 4% og myndgreiningum um 11%. Sjúkraflug voru 440 og fjölgaði um 29 á milli ára.

Framkvæmdir og tækjakaup

Lokið var framkvæmdum á legudeildum og aðstöðu á Kristnesspítala. Einnig var lokið við áfanga í endurnýjun lagna í elsta byggingarhluta sjúkrahússins sem er frá árinu 1953. Á handlækningadeild voru gerðar



”

Niðurstaðan er glæsileg: Metnaðarfull framtíðarstefna til næstu fimm ára sem þegar er farið að vinna eftir.

“



Bættir úr starfseminni



”

Tekjuhalli ársins varð því aðeins 16,9 milljónir eða 0,4% miðað við fjárveitingu. Í árslok var höfuðstóll jákvæður um 41,5 milljónir króna.

“



endurbætur á húsnæði legudeildar. Sérstök fjárveiting fékkst í desember til endurbóta á fæðingadeild og var hún nýtt að hluta fyrir áramót. Lokið verður við framkvæmdina á árinu 2012 en þá verða tvær nýjar fæðingarstofur opnaðar sem bæta munu þjónustu við konur í fæðingu auk þess sem aðstaða starfsfólks stórbatnar. Áætlaður kostnaður er rúmar 50 milljónir. Þá hófst endurbætur á netþjónarymi tölvudeildar. Samtals kostuðu framkvæmdir við meiriháttar viðhald 35,4 milljónir.

Stofnkostnaður, þ.e. kaup á stærri tækjum og búnaði, nam samtals 89,2 milljónum og lækkaði um 8% á milli ára. Greiðslur af þremur rekstrarleigusamningum vegna myndgreiningartækja námu 80,7 milljónum. Fjárveiting til stofnkostnaðar var aðeins 75,5 milljónir og dugði því ekki til þess að standa straum af þessum greiðslum. Auk þessa voru keypt lækningatæki á speglunardeild og búnaður í eldhús. Heildarkostnaður við stærri tækjabúnað var því 13,7 milljónir umfram fjárveitingu og var mismunurinn greiddur af fjárveitingu til meiriháttar viðhalds. Minniháttar eignakaup námu samtals 28 milljónum króna og hækkuðu um 12% á milli ára. Var þar að mestu leyti um að ræða tölvu- og hugbúnað.

Á árinu bárust Gjafasjóði allmörg framlög að upphæð samtals 11,1 milljón króna. Auk þess hafði sjóðurinn til ráðstöfunar framlög frá fyrri árum. Samtals voru keypt tæki og búnaður fyrir 42,7 milljónir.

Helstu kaup á árinu voru vöktunarbúnaður fyrir gjörgæsludeild að andvirði 24 milljónir og búnaður á fæðingadeild fyrir 12 milljónir. Auk þess var keyptur búnaður á lífeðlisfræðideild að andvirði 6 milljónir króna, á barnadeild 4,4 milljónir, á endurhæfingardeild 2 milljónir og á geðdeild 1,7 milljónir. Allur virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af tækjakaupum á vegum Gjafasjóðs.

Gjafaframlög eru sjúkrahúsinu mjög mikilvæg til að það eigi möguleika á því að endurnýja tækjabúnað og fylgja eftir framþróun og tækni, ekki síst þegar framlög ríkisins hafa dregist saman að raungildi vegna

efnahagsþrenginga. Starfsmenn sjúkrahússins þakka þann hlýhug og velvilja sem stofnuninni er sýndur af öllum þeim sem hlaupið hafa undir bagga með framlögum sínum, smáum sem stórum.

Hjúkrun

Þriðja árið í röð var tekist á við afleiðingar efnahagsshrúnsins árið 2008 sem birtist eins og undanfarin ár í skertum fjárlögum til reksturs sjúkrahússins sem m.a. leiða af sér breytingar á vinnuskipulagi hjúkrunar og fækkun á stöðugildum. Umfang starfseminnar jókst vegna aukningar í bráðastarfsemi sjúkrahússins, fækkun sjúklinga en fjölgun á legudögum enda samdráttartímabilið fyrir skipulagða starfsemi a.m.k. 22 vikur. Það dró þó úr álagi á starfsmenn hjúkrunar yfir sumarmánuðina að ákvörðun var tekin um að auka sumarafleysingar fyrir hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraliða miðað við árið áður.

Verkefnastjórar í hjúkrun – klínískir sérfræðingar – voru starfandi við hjúkrun sykursjúkra, næringarráðgjöf, sárameðferð, verkjameðferð, sýkingavarnir og við skráningu hjúkrunar. Unnu þeir samkvæmt verkáætlun í samráði við framkvæmdastjóra hjúkrunar. Öll þróunarverkefni þeirra miða eins og önnur ár að því að auka gæði og um leið öryggi í meðferð sjúklinga.

Ákveðið hafði verið að taka upp og innleiða finnska sjúklingaflokkunarkerfið „Rafaela“ sem hefur verið til prófunar á deildum á Landspítalanum (LSH). Þar sem niðurstöður prófunar voru ekki samkvæmt áætlun varð tölfræðingurinn á LSH. Undirbúningur og innleiðing kerfisins bíða næsta árs í samstarfi við innleiðingarhópinn og verkefna-stjóra á LSH.

Starfsmenn sem sóttu sí- og endurmenntun á árinu út fyrir sjúkrahúsið voru 79 og sóttu þeir ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra, að mestu innanlands. Þessir 79 starfsmenn fengu samtals 152 vinnudaga í námsleyfi á launum og tengjast námferðir þeirra sí- og endurmenntun þeirra og nýjum verkefnum í hjúkrun. Þetta er tölverð aukning miðað við fyrri ár eftir hrun og ber

að fagna því. Tveir hjúkrunarfræðingar eru í námi í skurðhjúkrun og tveir hjúkrunarfræðingar í námi í svæfingahjúkrun við Háskóla Íslands (HÍ) og ljúka þeir námi á vorönn 2012. Nokkrir hjúkrunarfræðingar stunda sem undanfarin ár diplómanám í hinum ýmsu greinum við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands sem leiðir til diplóma-náms og/eða meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum.

Miklar væntingar eru meðal hjúkrunarfræðinga að nýgerð stefna og framtíðarsýn sjúkrahússins, auk breytinga á stjórnskipulagi þess, stuðli að öruggari og sjúklingamiðari þjónustu til handa sjúklingum og aðstandendum þeirra og heilbrigðara starfsumhverfi þeirra sem þá annast.

Lækningar

Læknaskortur hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár bæði við sjúkrahúsið á Akureyri sem og víða annars staðar og virðist sem þetta vandamál sé nokkuð viðvarandi víða um heim í dreifbýli. Þetta er mismunandi eftir deildum og sérgreinum og getur breyst mikið ár frá ári, sérstaklega þar sem um litla einingar er að ræða. Samkeppnistaða Íslands hefur einnig verið erfið, sérstaklega hvað varðar laun, og sífelldur niðurskurður í heilbrigðisstarfsemi gerir málið ekki auðveldara. Leita þarf lausna á þessu til lengri og skemmri tíma. Fulltrúar í framkvæmdastjórn sjúkrahússins hófu störf á árinu við verkefni á vegum Evrópusambandsins þar sem leitast verður við að finna svör við hvað þarf til að fá sérhæft heilbrigðisstarfsfólk til að vilja vinna í

dreifðari byggðum og setjast þar að. Til lengri tíma litið gætu niðurstöður þessa verkefnis verið tæki til að hjálpa til að vinna bug á þessu vandamáli.

Miðstöð sérfræðiþjónustu á Norðurlandi er á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Það þýðir þó ekki að allir sjúklingar verði að koma til Akureyrar til að fá sérfræðiþjónustu heldur hefur fjöldi sérfræðinga í hinum ýmsu sérgreinum farið á aðrar heilbrigðisstofnanir í umdæminu og víðar til að veita íbúum þjónustu. Þetta er gert með samningi milli sjúkrahússins eða einstakra lækna og viðkomandi stofnana. Áfram skal haldið á þessari braut og aukið eftir því sem hægt er.

Sjúkrahúsið hefur unnið eftir samningum við Sjúkratryggingar Íslands á allmörgum sviðum m.a. um gerviliðaaðgerðir og augnsteinaaðgerðir svo eitthvað sé nefnt. Fyrirhugað er að halda áfram að semja um ákveðin verkefni og bæta í eftir því sem efni standa til.

Sameiginleg sjúkraskrá hefur verið á Norðurlandi síðan 2010. Við þetta hefur aðgengi lækna að nauðsynlegum upplýsingum fyrir sína sjúklinga batnað til muna. Vonandi verður þetta fyrirmynd þess sem koma skal, að ein sameiginleg sjúkraskrá verði fyrir allt landið. Samningar hafa tekist við aðrar stofnanir sem hafa með myndgreiningarannsóknir að gera og er nú svo komið að læknar Sjúkrahússins á Akureyri hafa aðgang að öllum stafrænu röntgenmyndagagnagrunnum á Íslandi. Þá var samningum við LSH um rannsóknakerfi lokið og fyrirhuguð er frekari samvinna á þeim nótum.



”

Sérstök fjárveiting fékkst í desember til endurbóta á fæðingadeild.

“

Þættir úr starfseminni



”

Gjafaframlög eru sjúkrahúsinu mjög mikilvæg til að það eigi möguleika á því að endurnýja tækjabúnað og fylgja eftir framþróun og tækni, ekki síst þegar framlög ríkisins hafa dregist saman að raungildi vegna efnahagsþrenginga.

“

Sem áður er öll fræðslustarfsemi FSA send um netið til þeirra er á vilja hlýða. Sú starfsemi gengur vel og búið er að koma henni fyrir á þann hátt að viðtakandi getur hlýtt á fyrirlestra þegar honum hentar. Föstudagsfundir læknaáðs skipa sinn fasta sess og eru vel sóttir enda vandaðir fræðslufundir sem bæði heimamenn og aðfengnir fyrirlesarar standa að.

Miðstöð sjúkraflugs á fastvængja flugvélum er á Akureyri. Í framtíðarsýn sjúkrahússins er miðað við að svo verði áfram og Sjúkrahúsið á Akureyri verði lækisfræðilegur bakhjarl þeirrar þjónustu. Kostnaður við að halda úti þjónustu á þessu sviði er mikill og ljóst að árleg framlög ríkisins til sjúkrahússins vegna þess duga ekki til og þarf sjúkrahúsið að leggja til umtalsverðar fjárhæðir umfram þau. Mikið vaktaálag fylgir þessu fyrir þá lækna sem sinna þessari þjónustu umfram sitt hefðbundna starf en með góðum vilja og skipulagi hefur þetta gengið upp. Haldið verður áfram að vinna að skipulagi sjúkraflugs m.a. með þjálfun lækna og annarra sem sinna þessari þjónustu.

Horft til framtíðar

Í fjárlögum ársins 2012 voru fjárveitingar skertar um 0,7% eða 37 milljónir króna. Halli á rekstrargrunni ársins 2011 var rúmar 100 milljónir. Við gerð rekstraráætlunar 2012 var því ljóst að enn og aftur þyrfti að grípa til margháttaðra hagræðingaraðgerða til að endar næðu saman. Öflug hópvinna forstöðumanna deilda og framkvæmdastjórnar leiddi af sér víðtækar til-

lögur um aðhaldsaðgerðir sem urðu grundvöllur kostnaðarlækkana sem áætlað er að skili um 130 milljónum í hagræðingu. Þær aðgerðir munu vissulega leiða af sér einhverja skerðingu á starfsemi og þjónustu við sjúklinga og varða einkum þjónustu á sviði skurðlækninga, rannsókna og greininga, svo og einnig starfsemi á Kristnespítala. Auk þess er um ýmsar almennar sparnaðaraðgerðir að ræða. Gert er ráð fyrir að hagræðingaraðgerðir leiði af sér fækkun um 20 störf á ársgrundvelli.

Uppgjör fyrir fyrstu 3 mánuði ársins 2012 sýnir að rekstur er um eitt og hálf prósent umfram fjárlög og því eru horfur á að rekstrarhalli geti orðið 50-70 milljónir. Á móti kemur að höfuðstóll í árslok 2011 var jákvæður um rúmar 40 milljónir króna. Starfsemi fyrstu 3 mánuðina hefur aukist umtalsvert á nær öllum sviðum og er kostnaðarauki því innan ásættanlegra marka.

Undanfarin ár hafa verið erfið í heilbrigðisþjónustunni sem og víðar í þjóðfélaginu. Vonandi eru hjartari tímar framundan en ekkert er enn í hendi í þeim efnum. Á niðurskurðartímum ber að standa vörð um það sem vel er gert og okkur þykir mikilvægt. Sjúkrahúsið á Akureyri stefnir að alþjóðlegri gæðavottun sem á að tryggja hið fyrrnefnda. Um hið síðarnefnda þarf ekki að fjölyrða.

Starfsfólk og stjórnendur Sjúkrahússins á Akureyri horfa björtum augum til framtíðar, þrátt fyrir þær blíkur sem hafa verið á lofti. Enn sem fyrr er markmiðið að tryggja öryggi skjólstæðinga sjúkrahússins og veita þeim framúrskarandi þjónustu.



Birtar vísindagreinar

Franklin J, Ingvarsson T, Englund M, Ingimarsson O, Robertsson O, Lohmander LS. Natural history of radiographic hip osteoarthritis: a retrospective cohort study with 11-28 years of followup. *Arthritis Care Res (Hoboken)* 2011;63(5):689-95.

Viktorsson TV, Arnorsson T, Sigurðsson MI, Sverrisson JT, Guðbjartsson T. A giant unruptured aneurysm of the sinus of Valsalva together with ectasia of the left coronary artery. *Ann Thorac Surg* 2011;92(1):354-6.

Bergmann OM, Kristjánsson G, Jonasson JG, Björnsson ES. Jaundice due to suspected statin hepatotoxicity: a case series. *Dig Dis Sci* 2011. DOI:10.1007/s10620-011-1950-1.

Kristjánsson G. Födoämnesöverkänslighet. Í R. Hultcrantz, A. Bergquist, S. Lindgren, M. Simrén, P. Stål og O. Suhr, ritstj. *Gastroenterologi och hepatologi*. Stockholm: Liber; 2011, bls. 193-204.

Valdes AM, Styrkarsdóttir U, Doherty M, Morris DL, Mangino M, Tamm A, et al. Large scale replication study of the association between HLA class II/BTNL2 variants and osteoarthritis of the knee in European-descent populations. *PLoS One* 2011;6(8):e23371.

Jonsson H, Helgadóttir GP, Aspelund T, Eiríksdóttir G, Sigurdsson S, Siggeirsdóttir K, et al. Hand osteoarthritis severity is associated with total knee joint replacements independently of BMI: the Ages-Reykjavik Study. *Open Rheumatol J* 2011;5:7-12.

Jonsson H, Helgadóttir GP, Aspelund T, Eiríksdóttir G, Sigurdsson S, Siggeirsdóttir K, et al. The presence of total knee or hip replacements due to osteoarthritis enhances the positive association between hand osteoarthritis and atherosclerosis in women: the Ages-Reykjavik Study. *Ann Rheum Dis* 2011;70(6):1087-90.

Evangelou E, Valdes AM, Kerkhof HJ, Styrkarsdóttir U, Zhu Y, Meulenbelt I, et al. Meta-analysis of genome-wide association studies confirms a susceptibility locus for knee osteoarthritis on chromosome 7q22. *Ann Rheum Dis* 2011;70(2):349-55.



”

Samningar hafa tekist við aðrar stofnanir sem hafa með myndgreiningarrannsóknir að gera og er nú svo komið að læknar Sjúkrahússins á Akureyri hafa aðgang að öllum stafrænu röntgenmyndagagnagrunnum á Íslandi.

“



Stefna og framtíðarsýn til 2017



Hlutverk:

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir

- Er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilllutverki í almannavörnum
- Er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum
- Leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og tekur þátt í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsvísi
- Er miðstöð sjúkraflugs í landinu

Gildi: ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI

- **Öryggi** – Við leggjum áherslu á öryggi sjúklinga og starfsmanna og vinnum störf okkar af fagmennsku
- **Samvinna** – Við vinnum saman í þágu sjúklinga og sýnum þeim og samstarfsfélögum virðingu og umhyggju
- **Framsækni** – Við berum okkur saman við þá sem skara fram úr



Framtíðarsýn til 2017

- Sjúkrahúsið á Akureyri er miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi
- Starfsemin er alþjóðlega vottuð
- Þjónusta er til fyrirmyndar, biðtími stuttur og sjúklingar ánægðir
- Sjúklingar eru upplýstir og taka vikran þátt í ákvörðunum um eigin meðferð
- Starfsemin byggir á gagnreyndri þekkingu og góðri samvinnu
- Þjónusta hefur eflst með tilkomu sérfræðinga í bráðalækningum
- Boðið er upp á blóðskilunarmeðferð og fjölbreytta endurhæfingu
- Sjúkrahótel, líknardeild og ný legudeildarálma hafa verið tekin í notkun
- Stjórnunarhættir eru góðir og reksturinn hagkvæmur
- Vinnuferlar eru skilvirkir
- Rafræn sjúkraskrá og skráning eru til fyrirmyndar
- Sjúkrahúsið á Akureyri er framsækinn og eftirsóknarverður vinnustaður
- Umhverfi til rannsókna og þróunar er hvetjandi og öflugur vísindasjóður er til staðar
- Sjúkrahúsið á Akureyri er eftirsótt kennslusjúkrahús í góðu samstarfi við aðrar mennta- og heilbrigðisstofnanir

”

Enn sem fyrr er markmiðið að tryggja öryggi skjólstæðinga sjúkrahússins og veita þeim framúrskarandi þjónustu.

“

Markmið og áherslupættir í starfi árin 2012 – 2013

- Öryggi og gæði
- Skilvirkir verkferlar og vinnulag
- Gott samstarf og ánægja starfsfólks
- Ráðdeild og framsýni

Markmið og mælingar

	2010	2011	Markmið 2012	Markmið 2013
Öryggi sjúklinga				
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift (%)	9,7%	10,1%	<7,5%	<7,5%
Spítalásýkingar (%)	3,4%	5,4%	<5%	<5%
Sjúklingar sem fá forvarnarsýklalyf á réttum tíma (%)	-	-	95%	95%
Byltur (fjöldi)	64	58	<50	<40
Deildir sem ræða gæða- & öryggismál mánaðarlega (%)	-	-	100%	100%
Þátttaka í endurlífgunarnámskeiðum	-	70%	90%	95%
Skilvirkir verkferlar og vinnulag				
Meðallegutími (dagar)	4,9	5,3	<5,5	<5,5
